

Fagradalsbleikja ehf
Fagradal
871 Vík

Reykjavík, 8.5.2025
UOS2501402/A.E.H.
11.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 10. apríl 2025 – Fagradalsbleikja ehf, Vík, ID 271.

Þann 10. apríl sl. fór fram reglubundið eftirlit í Fagradalsbleikju ehf, austan við Vík í Mýrdal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Umhverfis- og orkustofnun barst ársyfirlit fyrir árið 2023, 18. desember 2024 og telst frávikinu lokað.
2. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman grænt bókhald og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Umhverfis- og orkustofnun barst ársyfirlitið fyrir árið 2023, 7. janúar 2025 og telst því frávikinu lokað.

Virðingarfyllt

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur